

**75. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
30. janúar 2018 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Þórður Guðjónsson formaður, Sigríður Indriðadóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Anney Ágústs dóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Þórdís Árný Örnólfssdóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks leikskóla, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1801117 - Árskýrslur leikskóla 2017**

Leikskólastjórnendur á Akranesi leggja árlega fram til kynningar í Skóla- og frístundaráði, ársskýrslu leikskóla.

*Skóla- og frístundaráð þakkar leikskólastjórum fyrir framlagðar ársskýrslur.  
Lagt er til að endurskoðun fari fram á efnispáttum í ársskýrslu leikskóla og unnið að samræmdu verklagi.*

*Formaður Þórður Guðjónsson tekur sæti á fundinum kl. 16:55.  
Áheyrnarfulltrúar Anney og Þórdís Árný víkja af fundi kl. 17:00.*

**2. 1710094 - Gjaldskrár skóla- og frístundasviðs árið 2018**

Lögð fram tillaga að sameinaðri gjaldskrá fyrir allt dagstarf í Þorpinu.

*Áheyrnarfulltrúi Heiðrún Janusardóttir tekur sæti á fundinum kl. 17:00.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu að sameiginlegri gjaldskrá fyrir allt dagstarf í Þorpinu. Ekki er um kostnaðaraukningu að ræða.*

**3. 1801252 - Tillaga að breytingum á reglum um tómstundaframlag  
Akraneskaupstaðar**

Tillaga að breytingum á reglum lögð fram.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu að breytingum á reglum um tómstundaframlag.*

*Áheyrnarfulltrúi Heiðrún víkur af fundi kl. 17.45.*

**4. 1801209 - Dalbraut 6 - þrif á æfingaaðstöðu FIMA**

Erindi frá Firmeikafélagi Akraness varðandi þrif á Dalbraut 6.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa erindi FIMA til bæjarráðs og leggur til að*

*PL*  
2

Akraneskaupstaður greiði FIMA styrk til þrifa meðan starfsemi þeirra er að Dalbraut 6.


**5. 1801280 - Aðgerðaáætlun ÍA gegn hvers kyns ofbeldi**

Viðbrögð Skóla- og frístundaráðs við umræðu um kynferðisbrot og kynferðisleg og kynbundin áreitni í starfi íþróttafélaga.

Skóla- og frístundaráð leggur til að fulltrúi ÍA komi inn á fund ráðsins og kynni þá vinnu sem þegar er hafin hjá félagini varðandi jafnréttisstefnu og áætlun um gerð verkferla og aðgerðir gegn hvers kyns ofbeldi eins og einelti, kynferðisbrotum og kynferðislegu og kynbundnu áreitni.

Sviðsstjóra er jafnframt falið að fá sambærilegar kynningar frá öðrum félagasamtökum sem fá styrki frá Akraneskaupstað vegna barna- og unglingsstarfs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

  
Sigríður Þórhildardóttir  
Sigrún Inga Guðnadóttir  
Flóruelue Ósk Ragnarsdóttir  
Kristinn H. Steinsson  
Valgerður Þorvaldsdóttir  
Fríðhjörng Þórvaldsdóttir